

Minnisblað - málsnúmer 2501008

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitarstjórnarfundum nr. 267, dags: 16. apríl 2026

Hér í þessum „molum“ er stiklað í gegnum nokkur af helstu viðfangsefnum síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 12. mars 2026.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 677 íbúar samkvæmt Íbúasýn/Þjóðskrá mv. 2. apríl sl. og hefur því fjölgað um einn íbúa frá því í byrjun mars en þá voru skráðir í Íbúasýn/Þjóðskrá 676 íbúar.
- Starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar okkar fer vel af stað og er notkun með ágætum. Við náðum að opna útisvæðið um páskana og var gestakoma all nokkur þá daga sem opið var. Íslandsglíman var haldi hér sl. laugardag og var góður rómur gerður að aðstöðunni og vonandi verður frekara mótahald fært til okkar hér í Dölum á komandi tímum.
- Og talandi um Íþróttamiðstöðina þá er gaman að segja frá því að þriðjudaginn 31. mars komu fulltrúar Slysavarnadeildar Dalasýslu færandi hendi í Íþróttamiðstöðina í Búðardal og afhentu Dalabyggð, 86 armkúta í ýmsum stærðum ásamt myndarlegum fjárstyrk til kaupa á slysavarna- og öryggisbúnaði fyrir miðstöðina. Hafið kæra þökk kæru félagar í Slysavarnardeild Dalasýslu sem og allir þeir sem lagt hafa verkefninu lið með einum eða öðrum hætti.
- Dalabyggð leitar eftir áhugasömum aðilum til að vera með sumarnámskeið sumarið 2026 fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára (1.-7. bekk). Íþróttafélagið Undri hefur haldið utan um starfsemina undanfarin sumar en ætla nú að láta staðar numið, vonandi gefa áhugasamir aðilar fram við lýðheilsufulltrúa sem heldur utan um verkefnið.
- Í gær settum við í loftið auglýsingu þar sem óskað er eftir umsjónarmanni fyrir Vinnuskólann okkar í sumar í ca. 80% starfshlutfall. Sigríður Jónsdóttir hefur haldið utan um þetta verkefni með glæsibrag undanfarin sumur en hefur nú óskað eftir að við leitum eftir öðrum aðila. Vonandi fáum við viðbrögð við þessari auglýsingu frá áhugasömum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna með og leiðsegja okkar efilega fólki.
- Og talandi um ungdóminn okkar þá er ánægjulegt að sjá að hafinn er undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð á Vesturlandi á árinu 2026 en það tókst afar vel til á síðasta ári hér í Dölum, fjöldi viðburða og mikil gróska, nánar á dalir.is
- Dalakonur kveða er heiti á nýrri sýningu Héraðsskjalasafns Dalasýslu og Byggðasafns Dalamanna í anddyri stjórnsýsluhússins í Búðardal. Þar er sýnishorn af kveðskap kvenna sem hafa átt heima í Dölum. Sýningin er ágætis tilefni til að minna á að

Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við hvers konar kveðskap sem og öðrum einkaskjölum sem tengjast Dölunum og nágrenni.

- Dalabyggð auglýsir nú eftir áhugasömum veiðimönnum til að sinna refa- og minkaveiðum í Dalabyggð árin 2026 til 2029. Veiðimenn skulu vera með gilt veiðikort, staðkunnátta og reynsla af refa- og minkaveiðum er æskileg. Núverandi veiðimenn sveitarfélagsins eru hvattir til að sækja aftur um og halda áfram sínu góða starfi. Refaveiðinni er skipt upp í 13 svæði eins og verið hefur undanfarin ár og fyrirkomulag minkaveiða verður óbreytt. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar.
- Útboð á hreinsun rotþróa í Dalabyggð er nú í gangi og er lokadagur á skilum á tilboðum til og maðk l. 12:00 þann 1. maí 2026. Vonandi fáum við hagstæð tilboð í þetta mikilvæga verkefni.
- Ég vek athygli á tilkynningu á heimasíðu okkar, sjá slóð hér: <https://dalir.is/frettir/sofnun-a-rulluplasti-breytingar/> varðandi breytingu á fyrirkomulagi á söfnun á rúlliplasti en heyrúlluplast sem safnað er í sveitarfélaginu er verðmæt afurð sem fer í endurvinnslufarveg. Til að tryggja hreinleika plastsins og vegna breytinga á tækjum við söfnun þurfa sumir bændur að gera breytingar á frágangi plastsins. Eftir næstu rúlluplast söfnun, sem er vikuna 13. – 17. apríl, verða breytingar á söfnuninni, sjá nánar á heimasíðu og slóð þeirri sem er aðgengileg hér ofar í skýrslu minni.
- Út er komin skýrslu sem SSV stendur að um óstaðbundin störf, viðhorf og væntingar. Í skýrslunni kemur fram að talið er að íbúum á landsbyggðunum gæti fjölgað um allt að 20%, fækkað um 12% á höfuðborgarsvæðinu en á Vesturlandi gæti íbúum fjölgað um 58% ef sóknarfæri sem felast í óstaðbundum störfum yrðu nýtt í samræmi við skoðanir almennra starfsmanna ríkisins og annarra vinnuveitenda. Þar kemur líka fram að 57% Vestlendinga vinna að einhverju leyti óstaðbundið og veruleg tækifæri eru til frekari aukningar. Niðurstöður benda til þess að aukið svigrúm til óstaðbundinna starfa gæti haft veruleg áhrif á byggðaðþróun á Vesturlandi, með fjölgun íbúa og fjölbreyttari vinnumarkaði. Margir myndu kjósa að flytja innan svæðisins eða til þess ef þeir gætu unnið meira óstaðbundið. Þetta undirstrikar mikilvægi stefnumótunar sem styður við slíka þróun og nýtir þau tækifæri sem felast í breyttum starfsháttum. Í þessu felast m.a. gríðarleg tækifæri hér í Dölum, ég hvet til lesturs á skýrslunni, sjá hér slóð á hana: <https://ssv.is/wp-content/uploads/2026/04/Lokaskýrsla-ostadbundin-storf-final-2.pdf>
- Veruleg vinna við undirbúning og samræmingu aðgerða er hafin hér í Dölum vegna Almyrkva á sólu þann 12. ágúst n.k. Verkefnastjóri okkar heldur utan um þá þræði og hefur nú þegar klukkað þá aðila sem um ræðir er varðar umferðaröryggi og almenna þjónustu sem hér eiga aðkomu að. Það er mikilvægt að Dalirnir séu hafðir með í því mengi öllu því við erum handviss um að umferð hér í héraði verður veruleg og mikilvægt að allir leggist á eitt að vel gangi og upplifun fólks af veru hér verði eins og alla jafna góð.
- Það er gaman og dýrmætt að finna þann framkvæmdahug sem er víða í sveitarfélaginu um þessar stundir, víða eru uppi áform um uppbyggingu og eins hafa áhugasamir aðilar um t.a.m. uppsetningu fleiri rafhleðslustöðva hér í Búðardal verið í sambandi við okkur

undanfarið. Vonandi rætast sem allra flest þessi áform þannig að Dalirnir haldi áfram að vaxa og dafna líkt og verið hefur undanfarin misseri.

- Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 16. maí 2026 eins og okkur er vonandi flestum kunnugt um. Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga var til kl. 12 á hádegi föstudaginn 10. apríl. Engir framboðslistar komu fram þannig að líkt og í undanförunum sveitarstjórnarkosningum í Dalabyggð verða óbundnar kosningar. Viðmiðunardagur kjörskrár var miðvikudagurinn 8. apríl. Skráning lögheimilis kjósanda þann dag segir til um í hvaða sveitarfélagi hann kys. Sjá nánar á heimasíðu Dalabyggðar á meðfylgjandi slóð: <https://dalir.is/frettir/sveitarstjornarkosningar-2026/> Nú eftir að kosningalögum var breytt er að Þjóðskrá sem ber ábyrgð á kjörskrá og því ekki lengur hlutverk sveitarstjórna að staðfesta kjörskrá líkt og verið hefur. Kosið verður hér í Dalabyggð í Dalabúð og verður kjörstaður opinn á milli kl. 10:00 og 19:00 – nánar verður fyrirkomulagið kynnt á heimsíðu okkar, dalir.is

Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.